

Sp.

111. Fyrirspurnir.

[98. mál]

I. Til menntamálaráðherra um kostnaðarhlut sveitarfélaga varðandi stofnun og starfrækslu fræðsluskrifstofa og aðstöðu sveitarfélaganna til þess að mæta þeim nýju útgjöldum.

Frá Sighvati Björgvinssyni.

1. Hverjar eru áætlanir menntamálaráðuneytisins um stofnkostnað og rekstrar-kostnað þeirra fræðsluskrifstofa, hverrar fyrir sig, sem stofna á í hinum ein-stöku fræðsluumdæmum skv. ákvæðum grunnskólalaganna, og hversu mikið fé er sveitarfélögum hvers umdæmis ætlað að leggja fram í því skyni?
2. Er fyrirhugað að tryggja sveitarfélögunum nýja eða aukna tekjustofna eða aðrar sérstakar viðbótartekjur til þess að standa undir kostnaðarluta sveitarfélaganna við þessa framkvæmd grunnskólalaganna?

II. Til iðnaðarráðherra um orkumál á Austurlandi.

Frá Halldóri Ásgrímssyni.

Hvaða ráðstafanir eru fyrirhugaðar til að koma í veg fyrir orkuskort á Austurlandi í vetur?